

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Stærðfræði 313 - STÆ3136 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari:	Hermann Jón Tómasson	Sk.stöfun:	HTÓ
-----------------	----------------------	-------------------	-----

Undanfari: STÆ102/162

Áfangalýsing:

Fjallað er um töluleg gögn og einkennistölur fyrir gagnasöfn og dreifingu. Nánar tiltekið verður fjallað um tíðnitöflur, myndræna framsetningu upplýsinga, mælingar á miðsækni, dreifingu og fylgni. Auk þess verður nemandanum kynnt undirstöðuatriði í líkindareikningi og notkun tvíliðadreifingar og normaldreifingar við lausn líkindadæma. Loks verður lítillega fjallað um úrtaksfræði og notkun úrtaksdreifingar til þess að álykta um einkenni þýða.

Áfangamarkmið:

- Að auka færni nemenda í að lesa og skilja tölfræðilegar upplýsingar.
- Nemendur séu færir um að beita einföldum tölfræðilegum aðferðum til að vinna úr tölulegum upplýsingum.
- Nemendur þekki helstu aðferðir sem nota má til að reikna líkindi og geti beitt þeim.
- Búa nemendur undir frekara nám í tölfræði.

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Jón Þorvarðarson: Tölfræði, 4. útgáfa (1991) eða nýrri
	Verkefni og viðbótardæmi frá kennara
Kennsluvefur áfanga	http://moodle.vma.is/course/view.php?id=400
Nokkur æfingadæmi	http://www.rasmus.is

Kennslulýsing:

Kennt verður með fyrirlestrum, sýnidæmum og dæmatímum. Höfuðáhersla verður lögð á að nemendur séu færir um að velja og beita þeim aðferðum sem kenndar eru. Jafnframt verður lögð áhersla á að nemendur viti hvernig hægt er að nota reiknivélar og einföld tölvuforrit til þess að leysa tölfræðidæmi. Nemendur munu taka þrjú kaflapróf úr námsefninu og þeim ber að skila þremur heimaverkefnum. Auk þess ber nemendum að vinna og skila verkefni þar sem þeim ber að beita tölfureikninum Calc (eða Excel) til að leysa dæmin.

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Stærðfræði 313 - STÆ3136 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Lokapróf	Próf úr öllu námsefninu á prófatíma	65%
Kaflapróf	Þrjú próf úr a) köflum 1-4, b) kafla 5, c) köflum 6, 7 og 10.	15%
Heimadæmi	Þrjú verkefni úr a) köflum 1-4, b) kafla 5, c) köflum 6, 7 og 10.	15%
Tölvuverkefni	Dæmi reiknuð með calc-föllum	5%
Annað	a) Nemendur verða að virða skiladaga heimaverkefna. b) Að öllu jöfnu er ekki boðið upp á endurtöku kaflaprófa. c) Nemendur þurfa að ná 40% árangri á lokaprófi til að einkunn fyrir kaflapróf, heimadæmi og tölvuverkefni reiknist með í lokaeinkunn.	

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vika	Viðfangsefni	Lesefni	Verkefnaskil
6. - 10. jan.	Tíðnidreifing	Bls. 11-29	
11. - 17. jan.	Myndræn framsetning upplýsinga	Bls. 31-54	
18. - 24. jan.	Miðsækni	Bls. 55-70	
25. - 31. jan.	Dreifing	Bls. 71-85	Heimadæmi 1
1. - 7. feb.	Líkindareikningur	Bls. 87-134	Tímadæmi 1
8. - 14. feb.	Líkindareikningur	Bls. 87-134	
15. - 21. feb.	Líkindareikningur	Bls. 87-134	
22. - 28. feb.	Líkindareikningur	Bls. 87-134	Heimadæmi 2
1. - 7. mars	Líkindareikningur	Bls. 87-134	Tímadæmi 2
8. - 14. mars	Tvíliðadreifing	Bls. 135-143	
15. - 21. mars	Normaldreifing	Bls. 144-154	
22. - 28. mars	Úrtaksfræði	Bls. 155-172	
29. mars - 4. apríl	Páskaleyfi		
5. - 11. apríl	Fylgnireikningur	Bls. 221-235	Heimadæmi 3
12. - 18. apríl	Fylgnireikningur	Bls. 221-235	Tímadæmi 3
19. - 25. apríl	Upprifjun og samantekt		Skil á calc-verkefni
26. - 30. apríl	Upprifjun og samantekt		

Dagsetning: **5.1.2015**

Undirritun kennara

Undirritun fagstjóra